



FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBRAUTASKÓLANS Í GARÐABÆ

4. FUNDUR Á HAUSTÖNN 2019, MIÐVIKUDAGINN 9. okt. KL. 11:15

1. Bréf til skólaráðs

A. Umsóknir um leyfi:

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemanda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok ef skólasókn er að öðru leyti góð – miðað er við 97% skólasókn fyrir utan þá daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

B. Önnur bréf:

Nemandi sækir um færslu á lokaprófi sjá fylgiskjal – vísað til prófstjóra

Bréf til Garðabæjar um yfirræð yfir landsvæði til fósturs – skólaráð styður þessa umsókn.

2. Félagslíf og fjármál NFFG

FG-Flensborgardagurinn verður næstkomandi föstudag. Salsaball verður haldið 21. nóv. og er undirbúningur í fullum gangi. Merktar peysur NFFG eru í vinnslu og nemakortin eru komin. Gettu betur og Morfís lið skólans eru að keppa æfingakeppnir í þessari viku. Fótboldamót og LAN verða í október.

3. Önnur mál

Dimission verður í skólanum síðasta kennsludag annarinnar, 1. nóv.

Fundinn sátu:

Auður Sigurðardóttir náms-og starfsráðgjafi

Dagný Hulda Broddadóttir náms-og starfsráðgjafi

Eygló Birna Schiöth Gunnarsdóttir fjármálastjóri NFFG

Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri

Kristín Helga Ólafsdóttir áfangastjóri

Natalía Erla Arnórsdóttir forseti NFFG

Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari og fundarritari

Tinna Ösp Arnardóttir félagsmálafulltrúi